Hinn 15. maí 1972 var Institüt für Schiffbautechnik, Wolgast, Austur-Þýzkalandi veitt einkaleyfi nr. 812 á dæluútbúnaði til þess að dæla fiski gegnum flutningakerfi.

Hinn 11. ágúst 1972 var Medil S. p. A., Carini, Ítalíu veitt einkaleyfi nr. 813 á aðferð til að framleiða gervisteina.

S. d. var AB Gustavsbergs Fabriker, Gustavsberg Svíþjóð veitt einkaleyfi nr. 814 á frárennslisvatns-leiðslukerfi.

S. d. var AB. LEO. Hälsingborg, Svíþjóð veitt einkaleyfi nr. 815 á heterocykliskar aminoketoner, — aðferð til framleiðslu.

S. d. var Norilsky Gornometallurgichesky Kombinat imeni R. P. Zavenyagina, Norilsk, Sovétríkjunum, veitt einkaleyfi nr. 816 á útbúnaði til að verja vatnsleiðslur gegn frosti.

Hinn 19. sept. 1972 var dr. Hans J. Stauber, Vitikonerstrasse 65, Zürich, Sviss veitt einkaleyif nr. 817 á aðferð til flutnings og geymslu á miklu vatnsmagni og flutningsútbúnaði til framkvæmdar aðferðinni.

Hinn 28. september 1972 var Merck & Co. Inc., Rahway, New Jersey, Bandaríkjunum veitt einkaleyfi nr. 818 á aðferð við að búa til efnablöndur til lækninga.

Hinn 17. nóvember 1972 var Ingólfi Theódórssyni, Heiðarvegi 36, Vestmannaeyjum, veitt einkaleyfi nr. 819 á botnnót.

Hinn 20. nóvember 1972 var AMF Incorporated, 261 Madison Avenue, New York, N. Y., Bandaríkjunum, veitt einkaleyfi nr. 820 á neðansjávar hljómburðar fjarmælakerfi.

Hinn 29. desember 1972 var Mississippi Chemical Corporation, Higway 49 East, Yazoo City, Miss., Bandaríkjunum veitt einkaleyfi nr. 821 á aðferð til að framleiða stöðuga (stabilized) ammoniumnitrat-kalciumkarbonat áburðarefnablöndu.

Hinn 29. desember 1972 var Farbwerke Hoechst Aktiengsellschaft vormals Meister Lucius & Brüning, Brüningstrasse 45, Frankfurt/Main, Þýzkalandi, veitt einkaleyfi nr. 822 á aðferð til framleiðslu á benzensulfonylþvagefnum.

Nr. 368.

## EMBÆTTI, SÝSLANIR M. M.

**1971:**

30. nóvember var Ingibjörg R. Magnúsdóttir skipuð deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu frá 1. nóvember 1971 að telja.

21. desember var Ingibjörg Ingimarsdóttir skipuð ritari við Kennaraháskólann frá 1. september 1971 að telja.

23. desember var dr. Bjarni Einarsson skipaður sérfræðingur við Handritastofnun Íslands frá 1. janúar 1972 að telja.

S. d. voru eftirgreindir menn skipaðir í íþróttanefnd til þriggja ára: Valdimar Örnólfsson, íþróttakennari, formaður, skipaður án tilnefningar, Sveinn Björnsson, kaupmaður, tilnefndur af Íþróttasambandi Íslands, og Daníel Ágústínusson, aðalbókari, tilnefndur af Ungmennafélagi Íslands. Varamenn: Kjartan Bergmann Guðjónsson, skjalavörður, varaformaður, skipaður án tilnefningar, Gunnlaugur J. Briem, fulltrúi, skipaður samkvæmt tilnefningu Íþróttasambands Íslands, og Valdimar Óskarsson, skrifstofustjóri, skipaður samkvæmt tilnefningu Ungmennafélags Íslands.

24. desember var Helgi Gíslason skipaður fulltrúi í utanríkisráðuneytinu frá 1. janúar 1972 að telja.

28. desember var Björn Hermannsson, deildarstjóri, skipaður til að vera skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu frá 1. janúar 1972 að telja.

31. desember var Ernst Arthur Schmidt veitt lausn frá störfum sem ræðismanni Íslands í Rotterdam.

S. d. var Hálfdáni Bjarnasyni veitt lausn frá störfum sem aðalræðismanni Íslands í Genova frá 1. janúar 1972 að telja.

S. d. andaðist fiskiráðunautur Íslands í Bretlandi, F. Huntley Woodcock.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Bjarna Hannessyni, lækni, til þess að mega starfa sem sérfræðingur í taugaskurðlækningum.

S. d. var Brandi Brynjólfssyni, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings við Hæstarétt.

S. d. var Þórhalli B. Ólafssyni, lækni, veitt embætti héraðslæknis í Hveragerðishéraði frá og með 1. janúar 1972 að telja.

**1972:**

1. janúar var Cor Meyerink skipaður ræðismaður Íslands í Rotterdam.

S. d. var Jean Marie Bertrand de Gaudemar skipaður ræðismaður Íslands í Marseille.

S. d. var Eric Jokumsen skipaður vararæðismaður Íslands í Marseille.

20. janúar var Henry Mapplebeck skipaður ræðismaður Íslands í Hull.

28. janúar var Harry Ingolf Hansen skipaður vararæðismaður fyrir Ísland í Svendborg.

2. febrúar afhenti Guðmundur Í. Guðmundsson Roland Michener, landstjóra Kanada, trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands í Kanada.

7. febrúar var Sven-Erik Byhr skipaður vararæðismaður Íslands í Málmey.

8. febrúar afhenti Niels P. Sigurðsson forseta lýðveldisins Nígeríu embættisskilríki sín sem sendiherra Íslands þar með aðsetri í London.

9. febrúar var Odd Evensen skipaður vararæðismaður Íslands í Hammerfest í Noregi.

14. febrúar var Ólafi Halldórssyni, héraðslækni, veitt lausn frá embætti héraðslæknis í Bolungarvíkurhéraði frá 1. marz 1972 að telja.

17. febrúar var Gizuri Bergsteinssyni, hæstaréttaradómara, veitt lausn frá embætti frá 1. marz að telja.

23. febrúar 1972 var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir., Valgarði Egilssyni, til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var hr. Niazi I. Mostafa skipaður aðalræðismaður fyrir Ísland í Kairó.

24. febrúar var Ólafur Jensson, læknir, skipaður forstöðumaður Blóðbankans, frá 1. marz 1972 að telja.

25. febrúar var séra Eiríkur J. Eiríksson, Þingvöllum, skipaður prófstur í Árnesprófastsdæmi frá 1. marz 1972 að telja.

2. marz afhenti Niels P. Sigurðsson ríkisleiðtoga Spánar, Francisco Franco, hershöfðingja, trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands á Spáni með aðsetri í London.

6. marz var Guðmundi Karli Jónssyni, cand. juris., veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

7. marz var Sigurður Líndal, hæstaréttarritari, skipaður prófessor í lögfræði við Háskóla Íslands frá 15. febrúar 1972 að telja.

S. d. var Walter Seeber skipaður vararæðismaður fyrir Ísland í Milano.

10. marz var gefið út leyfisbréf handa Þór Halldórssyni, lækni, til þess að mega starfa sem sérfræðingur í lyflækningum með nýrnalækningar sem hliðargrein.

Hinn 13. marz var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir. Þengli Oddssyni til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

14. marz var Hákoni Árnasyni, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings við Hæstarétt.

S. d. var Sigurði Gizurarsyni, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings við Hæstarétt.

23. marz var Gunnar Tideman Jokumsen veitt lausn frá störfum sem ræðismanni Íslands í Marseille frá 31. desember 1971 að telja.

29. marz var Erwin Gasser skipaður vararæðismaður fyrir Ísland í Vínarborg.

S. d. var Erich Eibl skipaður ræðismaður fyrir Ísland í Salzburg.

S. d. var Edward Leonard Sanders skipaður ræðismaður fyrir Ísland í Felixstowe.

S. d. var Luigi Spinelli skipaður vararæðismaður fyrir Ísland í Torino.

6. apríl var gefið út leyfisbréf handa Guðrúnu Ólafsdóttur til þess að mega stunda tannlækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Sigurði B. Eymundssyni til þess að mega stunda tannlækningar hér á landi.

S. d. var Gunnar Björn Jónsson, viðskiptafræðingur skipaður fulltrúi hjá Rannsóknaráði ríkisins frá 1. apríl 1972 að telja.

7. apríl var Jón Sveinbjörnsson, fil. cand. og cand. theol., skipaður dósent í grísku í guðfræðideild Háskóla Íslands frá 15. apríl 1972 að telja.

11. apríl afhenti Árni Tryggvason keisara Írans trúnaðarbréf sitt, sem sendiherra Íslands í Íran, með aðsetri í Bonn.

S. d. var Sigurkarli Stefánssyni veitt lausn frá dósentsstöðu í stærðfræði í verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands, fyrir aldurs sakir, frá 1. september 1972 að telja.

S. d. var Gunnari Jónssyni, cand. juris, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

12. apríl var Eggert Briem, lækni, veitt embætti héraðslæknis í Dalvíkurhéraði frá og með 1. maí 1972 að telja.

S. d. var Ármanni Snævarr, prófessor, veitt dómaraembætti við Hæstarétt frá 1. maí 1972 að telja.

18. apríl var George William Waddilove, vararæðismaður Íslands í Lagos, skipaður ræðismaður Íslands í Lagos.

S. d. var Alfred Schubrig skipaður aðalræðismaður fyrir Ísland í Vínarborg.

21. apríl var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir. Þorvarði Brynjólfssyni til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

24. apríl var gefið út leyfisbréf handa Stefáni Jónssyni, lækni, til þess að mega starfa sem sérfræðingur í meinalífeðlisfræði.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Þóroddi Jónassyni, lækni, til þess að mega starfa sem sérfræðingur í heimilislækningum og embættislækningum.

25. apríl var Ólafur Bjarnason, prófessor, skipaður formaður stjórnar Vísindasjóðs yfirstandandi kjörtímabil stjórnarinnar og Páll A. Pálsson, yfirdýralæknir, varaformaður sjóðsstjórnarinnar sama tímabil.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Páli Sigurðssyni, lækni, til þess að mega starfa sem sérfræðingur í embættislækningum.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir. Vigfúsi Þorsteinssyni til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

3. maí var gefin út löggilding handa Peter John Colin Ridgewell, M.A., til þess að vera dómtúlkur og skjalaþýðandi úr og á ensku.

4. maí var Benedikt Guðbjartssyni, cand. juris., veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

9. maí var Sigurði Sigurðssyni, landlækni, samkvæmt eigin ósk, veitt lausn frá embætti landlæknis frá 1. október 1972 að telja.

15. maí var Jóni Oddssyni, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings við Hæstarétt.

23. maí var gefið út veitingarbréf handa séra Ágústi Sigurðssyni fyrir Mælifellsprestakalli í Skagafjarðarprófastsdæmi.

S. d. var gefið út veitingarbréf handa Einari Jónssyni, cand. theol., fyrir Söðulsholtsprestakalli í Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi.

25. maí var Kjartan Guðnason skipaður deildarstjóri afgreiðsludeildar Tryggingastofnunar ríkisins frá 1. júní 1972 að telja.

29. maí var séra Jóni Thorarensen, sem þjónað hefur Nesprestakalli í Reykjavíkurprófastsdæmi, veitt lausn frá embætti að eigin ósk fyrir aldurs sakir, frá 1. ágúst að telja.

7. júní var Árna Kristjánssyni veitt lausn frá kennaraembætti við Menntaskólann á Akureyri frá 1. september 1972 að telja, samkvæmt eigin ósk.

S. d. var gefið út veitingarbréf handa séra Lárusi Halldórssyni fyrir Breiðholtsprestakalli í Reykjavíkurprófastsdæmi.

15. júní afhenti Niels P. Sigurðsson drottningu Hollands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands í Hollandi með aðsetri í London.

21. júní var Herði Einarssyni, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings við Hæstarétt.

S. d. var Ólafi Ragnarssyni, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings við Hæstarétt.

S. d. var Þorsteini Geirssyni, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings við Hæstarétt.

23. júní var Jóni Á. Jóhannssyni, skattstjóra Vestfjarðaumdæmis á Ísafirði, veitt lausn frá embætti frá og með 1. janúar 1973 að telja, að eigin ósk.

29. júní var Þorsteinn Ingólfsson skipaður fulltrúi í utanríkisráðuneytinu frá 1. júní 1972 að telja.

4. júlí var Björn Helgason, hdl., skipaður hæstaréttarritari frá 5. júlí 1972.

10. júlí var dr. Ármanni Snævarr veitt lausn frá prófessorsembætti í lagadeild Háskóla Íslands frá 1. maí 1972 að telja, þar sem hann hefur verið skipaður hæstaréttardómari frá þeim tíma.

S. d. var dr. Vilhjámur G. Skúlason skipaður prófessor í lyfjaefnafræði og lyfjagerðarfræði í læknadeild Háskóla Íslands frá 1. febrúar 1972 að telja.

11. júní var gefin út löggilding handa Sigrúnu Klöru Hannesdóttur, til þess að vera dómtúlkur og skjalaþýðandi úr og á ensku.

S. d. var gefin út löggilding handa Margréti Þóru Guðlaugsdóttur, til þess að vera dómtúlkur og skjalaþýðandi úr og á ensku.

S. d. var séra Einari Guðnasyni, sóknarpresti í Reykholti og prófasti í Borgarfjarðarprófastsdæmi veitt lausn frá embætti, að eigin ósk, sem prófastur í Borgarfjarðarprófastsdæmi frá 15. sept. að telja og sem sóknarprestur í Reykholtsprestakalli frá 1. nóvember að telja.

17. júlí var Tryggvi Gíslason, lektor, skipaður skólameistari Menntaskólans á Akureyri frá 1. september 1972 að telja.

26. júlí var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir. Stefáni J. Helgasyni til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

27. júlí var Gústafi Þór Tryggvasyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S. d. var Hjalta Steinþórssyni, cand. juris., veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

31. júlí var Árni Reynisson skipaður framkvæmdastjóri Náttúruverndarráðs frá 1. ágúst að telja.

1. ágúst var gefin út löggilding handa Renötu Erlendsson til þess að vera dómtúlkur og skjalaþýðandi milli þýzku, ensku, rússnesku og spönsku.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Sigurjóni Arnlaugssyni til þess að mega stunda tannlækningar hér á landi.

2. ágúst var Þórir Einarsson skipaður dósent í rekstrarhagfræði í viðskiptadeild Háskóla Íslands frá 1. ágúst 1972 að telja.

S. d. var Birni Bjarnasyni, rektor, veitt lausn frá dósentsstarfi í stærðfræði í verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands frá 1. september 1972 að telja, að eigin ósk.

S. d. var Ólafur Ólafsson, læknir, skipaður til að gegna embætti landlæknis frá 1. október 1972 að telja.

8. ágúst var gefið út leyfisbréf handa Jóni Zimsen til þess að mega kalla sig lyfjafræðing og starfa sem slíkur hér á landi.

9. ágúst var Ívar Guðmundsson skipaður ræðismaður Íslands í New York frá 1. september 1972 að telja.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Sæmundi Holgeirssyni til þess að mega stunda tannlækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Jóni Birgi Jónssyni til þess að mega stunda tannlækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Páli Ragnarssyni til þess að mega stunda tannlækningar hér á landi.

10. ágúst var Önnu Stephensen, sendiráðsritara í Kaupmannahöfn, veitt lausn frá störfum, að eigin ósk, frá 1. sept. 1972 að telja.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir. Eddu Björnsdóttur til að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var Jón Olgeirsson skipaður til þess að vera vararæðismaður Íslands í Grimsby.

S. d. var Þorsteinn Þorsteinsson, lífefnafræðingur, skipaður sérfræðingur við Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum frá 15. ágúst 1972 að telja, og jafnframt veitt lausn frá dósentsstarfi í lífefnafræði í verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands frá sama tíma.

14. ágúst var Freyr Ófeigsson, fulltrúi, skipaður til að vera héraðsdómari við embætti bæjarfógetans á Akureyri og sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu frá 1. ágúst 1972 að telja.

S. d. voru Auður Þorbergsdóttir, fulltrúi, Björn Þ. Guðmundsson, fulltrúi, og Hrafn Bragason, aðalfulltrúi, skipuð til að vera borgardómarar við borgardómaraembættið í Reykjavík frá 1. ágúst 1972 að telja.

S. d. var Jón A. Ólafsson, aðalfulltrúi, skipaður til að vera sakadómari við sakadómaraembættið í Reykjavík frá 1. ágúst 1972 að telja.

S. d. voru Birgir Már Pétursson, fulltrúi, og Steingrímur Gauti Kristjánsson, aðalfulltrúi, skipaðir héraðsdómarar við embætti bæjarfógetans í Hafnarfirði og sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýlu frá 1. ágúst 1972 að telja.

S. d. var Ólafur St. Sigurðsson, aðalfulltrúi, skipaður héraðsdómari við embætti bæjarfógetans í Kópavogi frá 1. ágúst 1972 að telja.

16. ágúst var séra Sigurði H. Guðmundssyni, sóknarpresti, sem þjónað hefur Reykhólaprestakalli í Barðastrandarprófastsdæmi, veitt lausn frá embætti að eigin ósk, frá 15. september að telja.

21. ágúst var gefið út leyfisbréf handa Magnúsi Trausta Torfasyni til þess að mega stunda tannlækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Katli Högnasyni til þess að mega stunda tannlækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Lárusi Arnari Péturssyni til þess að mega stunda tannlækningar hér á landi.

22. ágúst var dr. Baldur Símonarson skipaður sérfræðingur við Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum frá 1. september að telja.

23. ágúst var gefið út leyfisbréf handa Ólafi E. Ólafssyni til þess að mega kalla sig aðstoðarlyfjafræðing og starfa sem slíkur hér á landi.

28. ágúst var Þorkeli Gíslasyni, lögreglustjóra í Bolungarvík, veitt lausn frá embætti frá 1. nóvember 1972 að telja.

1. september voru eftirtaldir kennarar skipaðir við Menntaskólann við Hamrahlíð frá 1. september 1972 að telja: Eygló Eyjólfsdóttir, Ingvar Ámundsson, Heimir

Pálsson, Þorvarður Helgason og Þorsteinn Þorsteinsson. Þá var Jóhann S. Hannesson, M.A., skipaður kennari við sama skóla frá 1. ágúst 1972 að telja.

S. d. voru eftirtaldir kennarar skipaðir við Menntaskólann við Tjörnina frá 1. september að telja: Aðalsteinn Davíðsson, Ólafur Rafn Einarsson og Hannes Ingibergsson, íþróttakennari.

6. september var Þorkell Helgason skipaður dósent í stærðfræði í verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands frá 1. júlí 1972 að telja. Jafnframt hefur honum verið veitt lausn frá stöðu sérfræðings í reiknistofu Raunvísindastofnunar Háskólans frá sama tíma.

8. september var Sigurður Hafstað skipaður sendifulltrúi í utanríkisþjónustu Íslands frá 15. september að telja.

11. september var gefið út leyfisbréf handa Ólafi Ólafssyni, lækni, til þess að mega starfa sem sérfræðingur í embættislækningum.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Halldóri Halldórssyni, lækni, til þess að mega starfa sem sérfræðingur í lyflækningum.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir. Leifi Dungal til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

14. september var dr. Helgi Haraldsson, skipaður kennari við Menntaskólann á Ísafirði frá 1. september 1972 að telja.

S. d. var Hörður Helgason skipaður sendifulltrúi í utanríkisþjónustu Íslands frá 15. september 1972 að telja.

S. d. var Kjartan Ragnars skipaður deildarstjóri í utanríkisþjónustu Íslands frá 1. október 1972 að telja.

S. d. afhenti Haraldur Kröyer Kurt Waldheim, aðalritara Sameinuðu þjóðanna, trúnaðarbréf sitt sem fastafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum.

21. september var dr. Lúðvík Ingvarsson skipaður lektor í lagadeild Háskóla Íslands frá 15. september 1972 að telja.

S. d. var Jóni Júlíussyni veitt lausn frá kennaraembætti við Menntaskólann í Reykjavík frá 1. september 1972 að telja, samkvæmt eigin ósk.

26. sept. var Halldór I. Elíasson skipaður dósent í stærðfræði í verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands frá 1. ágúst 1972 að telja.

S. d. var Jónas Ásmundsson skipaður aðalbókari í skrifstofu Háskóla Íslands frá 15. september 1972 að telja.

S. d. var séra Þorgrími V. Sigurðssyni, prófasti, Staðastað, veitt lausn frá embætti sóknarprests í Staðastaðarprestaskalli og prófasts í Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi, að eigin ósk, frá 1. janúar 1973 að telja.

S. d. voru Egill Sigurðsson og Stefán Bergmann skipaðir kennarar við Menntaskólann að Laugarvatni frá 1. september 1972 að telja.

S. d. var gefið út veitingarbréf handa séra Jóhanni Hlíðar til að vera sóknarprestur í Nesprestakalli í Reykjavíkurprófastsdæmi frá 1. október 1972 að telja.

29. september var gefin út löggilding handa Valdimar Pálssyni, til þess að vera dómtúlkur og skjalaþýðandi úr og á dönsku.

2. október 1972 var gefið út leyfisbréf handa Rannveigu Gunnarsdóttur til þess að mega kalla sig aðstoðarlyfjafræðing og starfa sem slíkur hér á landi.

5. október var Ólafi Þorlákssyni veitt lausn frá embætti sakadómara við sakadómaraembættið í Reykjavík.

S. d. var Ólafur W. Stefánsson, deildarstjóri, skipaður skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu frá 1. október að telja.

10. október var Ragnheiði Briem, B.A., veitt lausn frá kennaraembætti við Menntaskólann í Reykjavík, samkvæmt eigin ósk, frá 1. september að telja.

11. október var gefið út veitingarbréf handa séra Jóhannesi Pálmasyni fyrir Reykholtsprestakalli í Borgarfjarðarprófastsdæmi.

S. d. var gefin út löggilding handa Magnúsi R. Magnússyni, til þess að vera dómtúlkur úr og á tékknesku.

12. október var gefið út leyfisbréf handa Haraldi Guðjónssyni, lækni, til þess að mega starfa sem sérfræðingur í húð- og kynsjúkdómalækningum.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir. Þórarni Arnórssyni til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Eiríki Sveinssyni, lækni, til þess að mega starfa sem sérfræðingur í háls-, nef- og eyrnalækningum.

13. október var gefið út leyfisbréf handa Ásu Guðrúnu Guðjónsdóttur, lækni, til þess að mega starfa sem sérfræðingur í almennum skurðlækningum.

18. október var Benedikt Tómassyni, lækni, veitt að eigin ósk lausn frá embætti skólayfirlæknis frá 1. jan. 1973 að telja.

24. október var Jakob Björnsson, rafmagnsverkfræðingur, skipaður prófessor í raforkuverkfræði í verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands frá 1. sept. 1972 að telja.

1. nóvember var Gísli G. Ísleifsson, hrl., skipaður lögreglustjóri í Bolungarvík frá sama degi að telja.

6. nóvember var Stefán Sörensson skipaður háskólaritari frá 1. nóvember 1972 að telja.

9. nóvember var gefið út leyfisbréf handa Jóni Hilmari Alfreðssyni, lækni, til þess að mega starfa sem sérfræðingur í kvenlækningum.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir. Jóhanni Ragnarssyni til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir. Einari Val Bjarnasyni til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Sigurgeir Kjartanssyni, lækni, til þess að mega starfa sem sérfræðingur í almennum skurðlækningum.

15. nóvember var Francois Jabre skipaður aðalræðismaður Íslands í Beirut.

S. d. var Carlo Alberto Rizzi skipaður aðalræðismaður Íslands í Genova.

S. d. var Marios G. Pipinelis veitt lausn frá störfum sem ræðismanni Íslands í Aþenu frá 1. janúar 1973 að telja.

S. d. var Constantin J. Lyberopoulos skipaður aðalræðismaður Íslands í Aþenu.

17. nóvember var dr. Alan Boucher skipaður prófessor í ensku í heimspekideild Háskóla Íslands frá 1. nóvember 1972 að telja.

21. nóvember var gefið út leyfisbréf handa Reyni Eyjólfssyni, lic. pharm. til þess að mega kalla sig lyfjafræðing og starfa sem slíkur hér á landi.

22. nóvember var séra Magnúsi Guðjónssyni, sóknarpresti á Eyrarbakka, veitt að eigin ósk, lausn frá embætti sem prestur í Eyrarbakkaprestakalli frá 1. febrúar 1973 að telja.

S. d. var Hörður Sigurgestsson, sérfræðingur, skipaður deildarstjóri í fjárlaga- og hagsýslustofnun frá 1. des. 1972 að telja.

29. nóvember var gefið út leyfisbréf handa Þórarni Jónssyni til þess að mega stunda tannlækningar hér á landi.

1. desember var Þorsteinn Ólafsson, viðskiptafræðingur skipaður deildarstjóri í fjármálaráðuneytinu frá 1. janúar 1973 að telja.

3. desember var Ásgeiri Þ. Ólafssyni veitt lausn frá embætti héraðsdýralæknis í Mýrasýslumdæmi frá 1. janúar 1973 að telja, fyrir aldurs sakir.

8. desember var gefið út leyfisbréf handa Helgu Vilhjálmsdóttur til þess að mega kalla sig lyfjafræðing og starfa sem slíkur hér á landi.

11. desember var gefið út veitingarbréf handa séra Hauki Ágústssyni fyrir Hofsprestakalli í Múlaprófastsdæmi.

S. d. var Sverrir Markússon, héraðsdýralæknir á Blönduósi, skipaður héraðsdýralæknir í Mýrasýsluumdæmi frá 1. marz 1973 að telja.